# SKÝRINGAR

NOTÁLAG SKV. ÍST DS 410.
VINDÁLAG SKV. ÍST12, VENJULEGAR AÐSTÆÐUR.
SNJÓAÐLAG SKV. ÍST12, SVÆÐI 1.
JARÐSKJÁLFTAÁLAG SKV. ÍST13, 2. ÚTGÁFA.

GRUNDUN:

GRAFA SKAL ALLAN LAUSAN JARÐVEG ÚR GRUNNI NIÐUR Á FASTAN BURÐARHÆFAN BOTN. SÖKKLAR SKULU STEYPTIR Á KLÖPP, BÓLSTRABERGSFYLLINGU EÐA GRÚSARFYLLINGU, ÞJAPPAÐA Í LÖGUM MEÐ TITURVALTARA VIÐ HEPPILEGASTA RAKASTIG. FYLLA SKAL Í GRUNN MEÐ VIÐURKENNDU FYLLINGAREFNI OG ÞJAPPA Í LÖGUM VIÐ HÆFI- LEGT RAKASTIG. STÆRÐ VALTARA OG LAGÞYKKTIR, SJÁ TÖFLU. MESTA ÁLAG Á UNDIRSTÖÐUJARÐVEG ER 0,3MPa. SÉU SÖKKLAR STEYPTIR Á FYLLINGU SKAL PLÖTUPRÓF GEFA E2>100MPa OG E2/E1<2,2.

| TÆKI | LAGÞ.M | FJÖLDI YFIRF. |
|---|---|---|
| 10 TONNA VIBRÓVALTARI | 0,80 | 6 |
| 5 TONNA VIBRÓVALTARI | 0,40 | 6 |
| 0,5 TONNA VIBROPLATA | 0,30 | 4 |
| 0,1 TONNA VIBRÓPLATA | 0,20 | 4 |

## TRÉVIRKI

TRÉHLUTAR SKULU FALLA ÞÉTT SAMAN Á ÖLLUM SAMSKEYTUM.
BURÐARVERKI ÚR TRÉ MÁ EKKI SKERÐA MEÐ ÚRTÖKU FYRIR LÖGNUM OG Þ.H.
LÍMTRÉ: L40, LAGÞYKKT 33,3MM
ÓNEFNDIR BURÐARVIÐIR: K18
ALLA BURÐARVIÐI, SEM LIGGJA AÐ STEYPU OG VERÐA FYRIR VEÐRUN SKAL FÚAVERJA. LEGGJA SKAL TJÖRUPAPPA MILLI BURÐARVIÐA OG STEYPU.
FESTINGAR OG STÁLHLUTIR:
STÁLGÆÐI ST 37-2 SKV. DIN 17100.
ALLAR FESTINGAR, BOLTAR, SKÍFUR OG NAGLAR SKULU VERA HEITGALVANISERUÐ EÐA RYÐVARIN Á ANNAN VIÐURKENNDAN HÁTT.
UNDIR ALLA BOLTAHAUSA OG RÆR SEM KOMA AÐ TRÉ SKAL SETJA SKÍFUR MEÐ KANTLENGD 3d OG ÞYKKT 0,3d (d ER ÞVERMÁL BOLTA).
BURÐARVIRKI ÚTI SKULU VERA HEITGALVANISERUÐ.
SUÐUVINNA SKAL UNNIN AF FAGMÖNNUM MEÐ GILD LEYFI.

## NEGLING KLÆÐNINGAR

ÞAKPLÖTUR SKULU FESTAR Í ÁÐUR VALIN BORÐ, VENJULEGA 25X150, SEM HAFA VERIÐ NEGLD MEÐ 3 STK 75MM HEITZINKHÚÐUÐUM NÖGLUM Í HVERJA SPERRU. ÆSKILEGT ER AÐ PLÖTURNAR SÉU FESTAR EFTIR BEINUM LÍNUM, ÞÓ ÞANNIG AÐ FESTING DREIFIST Á FLEIRI EN EITT BORÐ. SÉRSTAKLEGA Á ÞETTA VIÐ UM ÞAKBRÚNIR. ÞÉTTLEIKI NEGLINGAR MIÐAST VIÐ SNÚINN ÞAKSAUM NEGLDAN Í 25MM ÞYKKA ÓHEFLAÐA KLÆÐNINGU. SÉU NOTAÐAR AÐRAR FESTINGAR MÁ BREYTA ÞÉTTLEIKA ÞEIRRA MIÐAÐ VIÐ ÚTDRÁTTARSTYRK. SÉ NOTUÐ ÞYNNRI KLÆÐNING SKAL STYTTA BIL Á MILLI NAGLARAÐA Í HLUTFALLI VIÐ FRÁVIK BORÐA_ ÞYKKTAR FRÁ 25MM. ÞAKPLÖTUR SKAL NEGLA 50% ÞÉTTAR VIÐ ÞAKBRÚNIR EN Á ÖÐRUM HLUTUM ÞAKSINS OG 100% ÞÉTTAR Á HORNUM.
VIÐ ÞAKBRÚNIR (SVÆÐI K) SKAL NEGLA AUKARÖÐ AF NÖGLUM FRÁ ÞAKBRÚN INN Á ÞAKIÐ SEM NEMUR 10% AF BREIDD HÚSSINS. BIL MILLI NAGLA Í ÞESSARI RÖÐ SKAL VERA HELMINGI MEIRA EN Í ÞEIM RÖÐUM, SEM NÁ YFIR ÞAKIÐ. ÞESSI AUKANEGLING NÆR MEÐFRAM ALLRI ÞAKBRÚN, ÞANNIG AÐ HÚN TVÖFALDAR NAGLAÞÉTTLEIKA Á HORNUM (SVÆÐI J) MIÐAÐ VIÐ MIÐHLUTA ÞAKSINS (SVÆÐI I).
VIÐ ENDASKEYTI SKAL ÁVALLT VERA NAGLARÖÐ.

ÞAKSVÆÐI




ÞÉTTLEIKI NAGLA

| HÆÐ HÚSS | ÞAKSVÆÐI J | K | I |
|---|---|---|---|
| 6 | 21 | 16 | 10 |
| 12 | 26 | 19 | 13 |
| 18 | 29 | 22 | 14 |

## STEYPUVIRKI

STEYPUMÓT

| | | |
|---|---|---|
| NÁKVÆMNISKRÖFUR: | UNDIRSTÖÐUR, STÆRÐ OG STAÐSETNING | +/- 15MM |
| | STÆRÐ ANNARRA STEYPTRA HLUTA | +/- 3MM |
| | STAÐSETNING ANNARRA HLUTA | +/- 5MM |
| | KÓTAR | +/- 5MM |
| | MISGENGI VEGGJA Í STEYPUSKILUM | +/- 2MM |
| YFIRHÆÐ: | BITA- OG PLÖTUMÓT SKULU HAFA YFIRHÆÐ 1/500 AF MINNSTA HAFI BYGGINGARHLUTANS | |
| TITRUN. | TAKA SKAL TILLIT TIL ÞESS AÐ ALLA STEYPU SKAL TITRA. | |

BENDING

MERKING JÁRNA:

| | |
|---|---|
| K | MERKIR KAMBSTÁL KS40 MEÐ SKRIÐMÖRK 410MN/m2 |
| KS | MERKIR KAMBSTÁL KS40S MEÐ SKRIÐMÖRK 410MN/m2 |
| R | MERKIR SLÉTT STÁL MEÐ SKRIÐMÖRK 235MN/m2 |
| L | MERKIR HEILDARLENGD STANGAR |
| c/c | MERKIR BIL MILLI BENDISTANGA, MIÐJA Á MIÐJU. |

LÁRÉTT BENDING Í VEGGJUM GANGI HEIL UM HORN, VÍXLLEGGIST UM SKEYTILENGDIR EÐA TENGIST MEÐ VINKLUM.
Í PLÖTUM OG VEGGJUM SKAL EKKI SKEYTA MEIRA EN FJÓRÐA HVERT JÁRN Í SAMA ÞVERSNIÐI, NEMA ANNAÐ SÉ SÝNT Á TEIKNINGUM..

SKEYTILENGDIR SÉU SKV. DS411.

STEINSTEYPA

ÖLL STEINSTEYPA OG MEÐHÖNDLUN HENNAR SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍSLENSKAN STAÐAL ÍST10, FRAMKVÆMDAFLOKK B OG ÁKVÆÐI BYGGINGARREGLUGERÐAR.
BROTÞOLSFLOKKUR STEYPU Í BOTNPLÖTU: S200, ÖLL ÖNNUR STEYPA SÉ S250.
HÁMARKSSTEINASTÆRÐ SÉ 19MM Í VEGGJUM OG BOTNPLÖTU.
SIGMÁL 60-100MM.

| | MINNSTA STEYPUHULA Á BENDIJÁRN | SEMENTSMAGN Í RÚMMETRA | VATNSSEMENTS-TALA, V/S | LOFTMAGN |
|---|---|---|---|---|
| ÚTISTEYPA SEM VERÐUR FYRIR MIKLUM VEÐRUNARÁHRIFUM OG VERULEGUM SALT-ÁHRIFUM | 35mm | >=350KG | <0,45 | >=5% |
| ÚTISTEYPA, SEM VERÐUR FYRIR VEÐRUNARÁHRIFUM EN ER AÐ MESTU LEYTI LAUS VIÐ SALTÁHRIF. | 25mm | >=300KG | <0,55 | >=5% |
| STEINSTEYPA, LAUS VIÐ VEÐRUNAR OG SALTÁHRIF (INNISTEYPA) | 15mm | >=250KG | | |

ÚTGÁFUFERILL

| NR: | DAGS: | SKÝRINGAR: | HA: | YF: | SÞ: |
|---|---|---|---|---|---|
| B1 | 25.08.08 | | SVa | SVa | SVa |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: | NAFN OG KT. SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR:

UNDIRSKRIFT SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR:

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

BREKKUSTÍGUR 39, 260 REYKJANESBÆR, SÍMI: 422 3636,
VEFFANG: www.mannvit.is NETFANG: mannvit@mannvit.is

HEITI VERKS:

FRÍSTUNDAHÚS
BYGGT VIÐ FS TIL FLUTNINGS

HEITI TEIKNINGAR:

BURÐARVIRKI
ALMENNAR SKÝRINGAR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| TEIKNAÐ: SV | BLAD NR. | N. BL. NR. | TÖLVUSKRÁ: TÖLVUSKRÁ | VNR: 3.141.235 |
| HANNAÐ: SV | YFIRFARIÐ: | | MKV: | NR. TEIKNINGAR: B100 |
| DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 3/6 09 | NAFN OG KT. HÖNNUÐAR: MANNVIT 430572-0169 | | | |
| UNDIRSKRIFT HÖNNUÐAR: Sveinn Valdimarsson 2710683879 | | | | ÚTGÁFA: B1 |

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.